

92 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23/1945 og birtist hér með til eftir-
21. júlí breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 21. júlí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

93 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns Hallssonar á
26. júlí Rangá, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns Hallssonar á Rangá.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á 70 ára afmæli stofnanda sjóðsins, 21. nóv. 1945, með
gjöfum frá sveitungum hans og öðrum kunningjum og vinum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4768.65 í árslok 1947.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Tunguhrepps í Norður-Múlasýslu og skal hagnýta hann á
þann hátt, sem skipulagsskrá þessi ákveður.

4. gr.

Sveitarstjórn Tunguhrepps hefur á hendi umsjón og stjórn sjóðsins, reiknings-
hald og bókfærslu og gerir grein fyrir honum, bæði gagnvart hreppsþúum og öðr-
um aðilum samkvæmt lögum.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands eða annarri láns-
stofnun, er ríkið hefur ábyrgð á. Vextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, unz þeir
eru orðnir kr. 500.00 á ári. Þá falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ hlutar vaxtanna, en $\frac{1}{4}$ hluti
þeirra leggst við höfuðstólinn, en hann má aldrei skerða.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Að verðlauna þá búendur, sem skara fram úr í ræktun búpenings og góðri með-
ferð hans.
- b. Að verðlauna þá húsráðendur, sem skara fram úr í búnaði og snyrtilegri um-
gengni heimila. Að öðru jöfnu sitji efnaminni búendur fyrir.
- c. Að verðlauna eða styrkja þá, sem koma upp vönduðum trjáreitum við býli sin.

7. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi úthlutun verðlauna og styrkja úr sjóðnum.
Nefndin skal kosin í fyrsta sinn á almennum hreppsfundi það ár, sem fyrst kemur
til úthlutunar úr sjóðnum. Skulu 2 þeirra kosnir af hreppsþúum, en hreppsnefnd
kýs einn mann úr sínum hóp, og er hann formaður nefndarinnar. Kosningin fylgir
jafnan hreppsnefndarkosningum.

8. gr.

Nú telur sjóðstjórnin ekki ástæðu til að úthluta verðlaunum, eða úthluta styrkjum úr sjóðnum eitthvert ár, og skal henni þá heimilt að ákveða, að féð skuli geymast til úthlutunar þar til síðar, ella skal það lagt við höfuðstólinn.

9. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og færir í hana fundargerðir og ályktanir, svo og reikningabók, sem í eru færðir allir reikningar sjóðsins.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur sjóðsins fylgja hreppsreikningi til endurskoðunar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1937.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 1. töluliðar 3. gr. bætist: Akraneskaupstaður E, Ólafsfjarðar-kaupstaður Ó.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23, 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Húsavíkur er fyrirtæki, sem Húsavíkurhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um Húsavíkurkaupstún og grennd og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Húsavíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Húsavíkur og hafa sérstakt reikningshald.